

Nd.

649. Þingsályktun

um nefnd til að athuga og gera tillögur um skipun mjólkurmála.

(Afgreidd frá Nd. 13. des.).

Skipuð skal 6 manna nefnd til athugunar á framleiðslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Í nefndinni eiga sæti yfirdýralæknir ríkisins, og sé hann formaður nefndarinnar, 2 menn úr bæjarstjórn Reykjavíkur og kosnir af henni, 1 úr bæjarstjórn Hafnarfjarðar, skipaður af henni, mjólkurfræðingur, skipaður af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og 1 skipaður af stjórn mjólkursamsölnunar.

Nefndin skal rannsaka og gera tillögur um þau atriði, er hér segir:

1. Á hvern hátt Reykjavík og Hafnarfirði verði bezt tryggð góð og holl neytlumjólk.
2. Á hvern hátt verði tryggt, að sem bezt verði fullnægt þörfum neytlusvæðisins fyrir mjólk og mjólkurafurðir, svo sem smjör, skyr og rjóma, allt árið.
3. Athuga, hversu mikið mjólkurmagn hefur síðustu árin farið til neyzlu og hversu mikið til vinnslu mjólkurafurða.
4. Rannsaka dreifingar- og flutningsfyrirkomulagið að því leyti, sem það getur haft áhrif á gæði mjólkurinnar og tryggt það, að jafnan sé á markaðinum næg sölu-mjólk. Jafnframt skal athugað, hvort ekki sé rétt að taka upp skömmtun á mjólk þá tíma árs, er minnst mjólkurmagn berst á markaðinn, og gera tillögur um þessi atriði.
5. Gera tillögur um, hversu auka megi mjólkurneyzlu Íslendinga, eftir að hið erlenda setulið hættir mjólkurkaupum.
6. Gera tillögur um, hversu bezt verði háttað friðsamlegum viðskiptum framleiðenda og neytenda um mjólkursöllumálin.

Nefndin skal hefja störf sín og ljúka þeim svo fljótt sem verða mé. Skylt er stjórn mjólkursamsölnunar og framkvæmdarstjóra hennar að veita nefndinni allar þær upplýsingar, er hún kann að óska eftir og lúta að starfi hennar.